

Ed.

725. Breytingartillögur

[281. mál]

við frv. til 1. um almannatryggingar.

Frá Steinþóri Gestssyni, Birni Fr. Björnssyni og Axel Jónssyni.

1. Við 80. gr. Við 1. tölulið og við 8. tölulið bætast orðin: sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
2. Við ákvæði til bráðabirgða:
 - a. Framan við 2. tölulið bætast tvær málsgreinar, svo hljóðandi (og verða þær 2. tölul. og töluröð breytist skv. því):

Fresta skal gildistöku þeirra ákvæða laga þessara, er varða fækkun og stækkun sjúkrasamlaga. Á meðan skulu gilda þau ákvæði laga, er varða héraðssamlög og hlutverk þeirra, tekjur þeirra, gjöld og stjórn.

Fyrir árslok 1971 skal Tryggingastofnun ríkisins eða sérstök nefnd gera áætlun um það, hvernig störfum hinna nýju sjúkrasamlaga skuli fyrir komið, hvar þau skuli hafa starfsstöðvar og hvernig innheimtu og útborgunum skuli háttað. Áætlun þessa skal leggja fyrir sveitarstjórnir í hinum nýju umdæmum, og getur ráðherra ákveðið, að hin nýja skipan komi til framkvæmda, ef $\frac{3}{5}$ þeirra sveitarfélaga, er hlut eiga að máli, eru henni samþykk.
 - b. 4. töluliður, sem verður 5. töluliður, orðist svo:

Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar, þegar umdæmi þeirra hafa verið ákveðin og stofnun þeirra ráðin.